

## REGLUGERÐ

### um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/29 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 19.

#### 1. gr.

Eftirfarandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB), sem vísað er til í lið 10ba í XXII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2015, frá 11. júní 2015, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XXII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/29 frá 17. desember 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 19.

#### 2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) 2015/29 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB, nr. 63/2015, 15. október 2015, bls. 797.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 127. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, skal gilda fyrir félög sem skylt er að eða nýta sér heimild til að semja ársreikninga sína og samstæðu-reikninga í samræmi við innleidda alþjóðlega reikningsskilastaðla, öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 19. október 2015.*

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

**Valgerður Rún Benediktsdóttir.**

*Harpa Theodórsdóttir.*